



Seltirningur

BLAÐ SJÁLFSTÆÐISFÉLAGS SELTIRNINGA – stofnað 1962

1. tbl., janúar 2018

www.xdseltjarnarnes.is • Ritnefnd: Ólafur Egilsson (ábm.), Páll Þorsteinsson, Guðbjörg R. Guðmundsdóttir, Ragnheiður Gyða Stefánsdóttir og Pétur Blöndal.



Val um 12 frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins vegna bæjarstjórnarkosninganna á Seltjarnarnesi í vor fer fram laugardaginn 20. janúar 2018.

Kosning hefst kl. 10:00 og stendur til kl. 18:00.

Kjörstaður er í sal Sjálfstæðisfélags Seltirninga að Austurströnd 3, 3. hæð.

Allir meðlimir sjálfstæðisfélaganna á Seltjarnarnesi 15 ára og eldri hafa atkvæðisrétt í prófkjörinu. Einnig stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins í komandi bæjarstjórnarkosningum sem undirrita inn-göngubeiðni í félögin samhliða þátttöku í prófkjörinu. Þeir sem ekki verða orðnir 18 ára á kjördag sveitarstjórnarkosninganna, 26. maí nk.,

þurfa þó að hafa gerst félagar fyrir prófkjörsdag þ.e. í síðasta lagi fimmtudaginn 18. janúar, þegar gerð kjörskrár fyrir prófkjörið lýkur.

Utankjörstaðarkosning fer fram í sal Sjálfstæðisfélags Seltirninga laugardaginn 13. janúar kl. 10:00 – 12:00 og eftir það alla virka daga frá kl. 18:00 – 20:00 á sama stað fram að kjördegi.

ATKVÆÐASEÐILL

Í prófkjöri sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi 20. janúar 2018

Kjósið 7 frambjóðendur í töluröð

	Sigrún Edda Jónsdóttir, bæjarfulltrúi
	Ásgeir G. Bjarnason, framkvæmdastjóri
	Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri
	Bjarni Torfi Álfþórsson, framkvæmdastjóri
	Guðmundur Helgi Þorsteinsson, ráðgjafi
	Guðrún Jónsdóttir, sérfræðingur
	Hannes Tryggvi Hafstein, framkvæmdastjóri
	Kristján Hilmir Baldursson, háskólanemi
	Lárus Gunnarsson, háskólanemi
	Magnús Örn Guðmundsson, viðskiptafræðingur
	Ragnhildur Jónsdóttir, hagfræðingur
	Sigríður Sigmarsdóttir, sölustjóri

Athugið: Kjósa skal 7 frambjóðendur, hvorki fleiri né færri, með því að setja tölustafina 1 til 7 fyrir framan nöfn frambjóðenda. Setja skal töluna 1 fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem kjóandi óskar að hljóti fyrsta sætið í prófkjörinu, töluna 2 fyrir framan nafn þess sem hann vill að hljóti annað sætið, töluna 3 fyrir framan nafn þess sem hann vill að hljóti þriðja sætið – og þannig koll af kalli, þar til kosnir hafa verið sjö frambjóðendur.

Kjósið 7 frambjóðendur í töluröð

Framboðsfundur þriðjudaginn 16. janúar kl. 20:00

Sameiginlegur framboðs- og kynningarfundur vegna prófkjörs sjálfstæðismanna verður í Valhúsaskóla þriðjudaginn 16. janúar kl. 20:00.

Allir frambjóðendur í prófkjörinu mæta á fundinn og heldur hver þeirra framsögu. Að því loknu verða umræður og sitja frambjóðendur fyrir svörum.

Allir eru velkomnir á fundinn.

www.xdseltjarnarnes.is

Sigrún Edda Jónsdóttir gefur kost á sér í 2.–3. sæti listans



Fæðingardagur: 18. nóvember 1965

Maki: Egill Þór Sigurðsson

Börn: Sigurður 21 árs, Jón Lárus 18 ára og Ragnheiður Helga 15 ára.

Menntun: Viðskiptafræðingur og MPA í opinberri stjórnsýslu frá HÍ.
Starfsferill: Sérfræðingur á fjármálasviði Tryggingarstofnunar ríkisins (TR) frá 2011, Egilsson/A4 2003-2011 við fjármál og eignaumsýslu, fjármálastjóri Háskólanum í Reykjavík 1999 – 2002, framkvæmdastjóri Kvenréttindafélags Íslands 1997-1999, fjármálastjóri Próunarfélags Íslands 1990-1996.

Félagsstörf: Bæjarstjórn Seltjarnarness og formaður bæjarráðs og skólanefndar á kjörtímabilinu ásamt því að sitja í stjórn Strætó bs. Formaður Sjálfstæðisfélags Seltirninga 2004-2005. Í golfnefnd Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA).

Helstu áherslur: Ég hef í störfum mínum fyrir bæjarstjórn og sem formaður skólanefndar lagt áherslu á að styðja við skólana okkar á Seltjarnarnesi. Ég vil standa vörð um það góða starf sem þar er unnið og stefna að því að hafa skólana okkar ávallt í fremstu röð. Samfella í vinnudegi barna skiptir allar fjölskyldur máli og um það vil ég standa vörð. Ég legg áherslu á ráðdeild í rekstri bæjarfélagsins og hófsemi í álagningu opinberra gjalda. Ég legg áherslu á skipulag bæjarfélagsins í sátt við íbúa og umhverfi.

Ásgeir G. Bjarnason gefur kost á sér í 4.–5. sæti listans



Fæðingardagur: 16. mars 1961

Maki: Sigríður Hafberg

Börn: Ásta, Bjarni, Christian, Ísabella. Fósturbörn: Sigurbjörg, Axel, Nanna.

Menntun: Rekstrarhagfræðingur

Starfsferill: Framkvæmdastjóri Corivo ehf áður Framkvæmdastjóri Tölvulistans og EJS.

Félagsstörf: Í skipulagsnefnd Seltjarnarness og Íþrótt- og tómstundaráði. Virkur í félagsstarfi Gróttu, í stjórn handknattleiksdeildar á árunum 1980 – 1990, heimaleikjaraði meistaraflokks Gróttu í handbolta og fótbolta. Í vallar- og umhverfisnefnd Golfklúbssins Ness.

Helstu áherslur: Að Seltjarnarnes verði áfram einn eftirsóknasti staðurinn að búa á, á Íslandi. Ég mun leggja áherslu á að þjónusta barnafólk, að öll börn hafi aðgang að dagvistun þegar fæðingarorlofi lýkur, að grunnskólinn okkar verði besti grunnskólinn á landinu þar sem áhersla verði lögð á góða menntun, vímulausa æsku og þarfir einstaklingsins til að þroskast. Að vel verði staðið að tónlistarkennslu og aðstöðu fyrir íþróttir. Að eldri borgarar fái góða þjónustu til að geta búið heima og að boðið verði upp á öflugt félagslíf fyrir þann hóp. Að fasteignaskattar verði lækkaðir enn frekar og útsvari haldið í lágmarki. Verndun vestursvæðanna og annara grænna svæða á Nesinu er forgangsmál.

Ásgerður Halldórsdóttir gefur kost á sér í 1. sæti listans



Fæðingardagur: 6. júní 1956

Maki: Kristján Guðlaugsson

Börn: Gísli, Ingvaldur, Viggó

Menntun: Viðskiptafræðingur

Starfsferill: Bæjarstjóri

Félagsstörf: M.a. í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, formaður kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, gjaldkeri Handknattleikssambands Íslands (HSÍ), formaður Íþróttafélagsins Gróttu.

Helstu áherslur:

- Ég legg meðal annars áherslu á:
- Að bæta og efla þá grunnþjónustu sem bærinn veitir.

- Að varðveita þann stöðugleika sem einkennt hefur fjármálastjórn bæjarins.
 - Að halda álögum á íbúa í lágmarki.
- Við Seltirningar stöndum á traustum grunni og eignastaða okkar er sterk. Á kjörtímabilinu, sem nú er senn að ljúka, hefur verið unnið að fjölbreyttum verkefnum og stuðlað að bættri þjónustu. Seltjarnarnesið er gott og samheldið bæjarfélag þar sem skilyrði eru bæjarbúum í hag. Það hefur sýnt sig í viðhorfskönnunum að þeir kunna að meta hátt þjónustustig og lágar álögur. Ég vil halda áfram að stuðla að háu þjónustustigi, gagnsæi í stjórnsýslu bæjarins, framförum í umhverfis- og skólamálum og auknu íbúalýðræði.

Bjarni Torfi Álfþórsson gefur kost á sér í 2. sæti listans



Fæðingardagur: 8. maí 1960

Maki: Erla Lárusdóttir, grunnskólakennari

Börn: Björg efnaverkfræðingur, Lárus aðstoðarverslunarstjóri, Konný hjúkrunarkona og Bjarni verkfræðinemi.

Menntun: Lögreglumaður, grunnskólakennari og kerfisfræðingur

Starfsferill: Lögreglumaður í 8 ár, grunnskólakennari í Grunnskóla Seltjarnarness í 3 ár, kerfisfræðingur hjá Oracle í 3 ár, sérfræðingur hjá Skýrr og Símanum í 10 ár og framkvæmdastjóri Specialisterne frá 2011
Félagsstörf: Formaður aðalstjórnar Gróttu í alls 7 ár auk annara stjórnar- og sjálfboðastarfa fyrir félagið í yfir 30 ár. Gullmerkishafi félagsins og auk þess handhafi starfsmerkis UMSK.

Helstu áherslur: *Fjármál.* Bjóða upp á bestu þjónustu fyrir íbúa Seltjarnarness, en halda um leið álögum á bæjarbúa í lágmarki.

Málefni aldraðra og félagsþjónusta. Tryggja áframhaldandi góða þjónustu við eldri borgara og vinna að málefnum fatlaðra í anda samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Skipulagsmál. Standa vörð um náttúru Seltjarnarness og efla sjóvarnir. Halda áfram endurnýjun gatna og gangstétta. Bæta og efla göngu- og reiðhjólástígakerfi

Skólamál. Skapa kennurum okkar sem besta starfaðstöðu og gera okkar menntastofanir að eftirsóttum vinnustað. Tryggja börnum dagvist frá því að fæðingarorlofi líkur.

Íþrótt- og æskulýðsmál. Sjá börnum, unglingum og öðrum íbúum áfram fyrir góðri aðstöðu til að geta sinnt áhugamálum sínum og verið í öruggu umhverfi

Guðmundur Helgi Þorsteinsson gefur kost á sér í 3.–4. sæti listans



Fæðingardagur: 10. desember 1962

Maki: Birna Einarsdóttir, starfsmaður KPMG endurskoðunar

Börn: Lára Líf, 22 ára og Einar Lár 18 ára

Menntun: Meistaragráða í nýsköpun-, stefnumótun og breytingarstjórnun frá University of York st, John, York England.

Starfsferill: Alþjóðleg ráðgjöf, auk reksturs eigin hlutafélags síðan 1997. Þjó og starfaði í Lausanne í Sviss sem framkvæmdastjóri tækni- og þróunarmála hjá Alþjóðablaðsambandinu (FIVB) á árunum 2003-2015. Starfaði um árabil hjá Heimilistækjum hf, var framkvæmdastjóri Blaksambands Íslands (BLÍ) lengi vel og sinnti auk þess íþróttaskrifum hjá Morgunblaðinu.

Félagsstörf: Í stjórn Blaksambands Evrópu (CVE) síðan 2015 og hef gegnt trúnaðarstörfum víða í Evrópu. Sat í Umhverfisnefnd Seltjarnarness 2002-2003 og sl. ár í fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna á Seltjarnarnesi. Hef auk þess gegnt fjölda trúnaðarstarfa í íslenskri íþróttahreyfingu m. a. Ólympíunefnd Íslands, varaformaður og formaður

landsliðsnefndar BLÍ um árabil og í aðalstjórn Íþróttafélags stúdenta. Var lengi vel fyrirliði í sigursælu blakliði stúdenta.

Helstu áherslur:

- Framtíðarnesið 2028 ráðstefna
- Umhverfisvernd og vernd strandlengjunnar
- Hverfalyðræði með áherslu á þátttöku íbúa varðandi nærumhverfi
- Fegrun og viðhald gatna, viðhaldsáætlun
- Verkbók framkvæmda og umsýsla verktaka gerð aðgengileg á vefnum
- Skipulagsmál og samgöngur
- Ábyrg fjármálastjórn sem tryggir lágar álögur á bæjarbúa
- Endurskoðun á þjónustuframboði Seltjarnarnesbæjar
- Opin og gegnsæ stjórnsýsla
- Áhersla á uppbyggilegt skóla- og leikskólastarf
- Lýðheilsa, íþróttastarf og forvarnir fyrir unga sem aldna

Guðrún Jónsdóttir gefur kost á sér í 4.–5. sæti listans



Fæðingardagur: 25. desember 1981

Maki: Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, endurskoðandi

Barn: Guðmundur Hjálmar, 2 ára

Menntun: Kvinnaskólinn í Reykjavík, stúdentspróf; Kennaraháskóli Íslands, B.Ed. grunnskólakennari; Háskólinn í Reykjavík, diplóma í viðskiptafræði

Starfsferill: Landsbankinn hf. síðan 2008, Brekkubæjarskóli 2006-2008, Hólabrekkuskóli 2004-2006

Félagsstörf: Unglingadeild björgunarsveitarinnar Alberts; Trúnaðarmaður starfsmanna; Crossfit Grandi 101

Helstu áherslur:

- Nýtt húsnæði fyrir Leikskóla Seltjarnarness. Áhugi er fyrir því að skoða hvort byggja skuli á sömu lóð og skólinn stendur í dag eða athuga með önnur svæði á Seltjarnarnesi.

- Taka börn oftast inn á Leikskóla Seltjarnarness yfir árið. Ákjósanlegast væri ef hægt yrði að taka inn börn á leikskólann allt árið um kring.
- Fara yfir leikvelli Seltjarnarnesbæjar og betrubæta þar sem þess er þörf.
- Fara yfir göngusvæði bæjarins þar sem meðal annars er lögð áhersla á að bekkir séu með hæfilegu millibili sem og ruslatunnur.
- Samgöngur til og frá Seltjarnarnesi. Hér skal skoða helstu ferðamáta eins og einkabílinn, almenningssamgöngur og gangandi og hjólandi vegfarendur.
- Kirkjugarður á Seltjarnarnesi.
- Meiri sátt í skipulagsmálum bæjarins, forgangsraða.
- Ábyrg fjármálastjórn.

Hannes Tryggvi Hafstein gefur kost á sér í 3.–5. sæti listans



Fæðingardagur: 6. september 1978.

Maki: Katharina Metlicka frá Sviss, umhverfis- og markaðsskipulagsfræðingur.

Börn: Sigurður Erik, 4 ára, og Andrea Dóróthea, 1 árs.

Menntun: Upplýsinga- og fjölmiðlafræði frá Fjölbautaskólanum við Ármúla (FÁ) og skógræði frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Starfsferill: Framkvæmdastjóri Föðurlandsins auglýsingastofu og WP Vefhönnunar; stjórnarformaður heilbrigðisnefndar Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis; starfaði áður hjá hugbúnaðarfyrtækinu Teris og Sambandi íslenskra sparisjóða.

Félagsstörf: Formaður Sjálfstæðisfélags Seltirninga (2017-), stjórn Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna á Seltjarnarnesi; stjórn Baldurs, félags ungra Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi; yfirkjörstjórn Suðvesturkjördæmis á vegum Sjálfstæðisflokksins; varamaður í umhverfisnefnd (2014-2018) og barnaverndarnefnd (2010-2014).

Helstu áherslur:

- Halda álögum á íbúa í lágmarki, lækka fasteignagjöld og útsvar.
- Öll börn fái 50.000 kr. frístundastyrk frá 2 ára aldri.
- Lækka leikskólagjöld um 25% í haust og stefnt skuli að gjaldfrjálsum leikskóla. Inntaka barna í ágúst og janúar ár hvert og byggður verði nýr leikskóli með tilliti til ungbarna.
- Skólar áfram í fremstu röð, frí námsgögn fyrir grunnskólanema.
- Tryggja þarf öfluga þjónustu við eldri borgara, fjölbreytt félags- og tómstundastarf og gera þeim kleyft að búa sem lengst í eigin húsnæði en jafnframt huga að nýjum íbúðum fyrir 60 ára og eldri.
- Standa vörð um Vestursvæðin (engin byggð), Gróttu, fjörur, náttúru og fuglalíf. Stýra þarf ört fjölgandi straumi ferðamanna um svæðið.
- Styðja félagsamtök á Seltjarnarnesi s.s. Gróttu, Nesklúbbinn o.fl.

Kristján Hilmir Baldursson gefur kost á sér í 4. sæti listans



Fæðingardagur: 2. febrúar 1997.

Menntun: Stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands 2017 og stunda nú nám í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík.

Starfsferill: Vann í þjónustudeild Bílaleigu Akureyrar 2015-2017 og starfa nú sem þjónustufulltrúi í Íslandsbanka samhliða námi.

Félagsstörf: Ég hef verið virkur í Ungmennaráði Seltjarnarness síðan 2015. Er einn af stofnmeðlimum Ungmennaráðs Íslands og er formaður þess. Ég gegndi stöðu fjármálastjóra Listafélags Verzlunarskóla Íslands og sat í kjörstjórn Nemendafélagsins. Í síðustu alþingiskosningum var ég annar tveggja kosningastjóra fyrir Sjálfstæðisfélag Seltirninga. Einnig sit ég í stjórn Baldurs F.U.S. sem gjaldkeri.

Helstu áherslur:

- Ég vil að byggður verði nýr leikskóli sem leysi Mána- og Sólbrekku af hólmi og að áfram verði stutt við öflugt skólastarf á Seltjarnarnesi.
- Ég vil að hlúð verði að okkar góðu heilsugæslu og að æskulýðs- og félagsstarf allra aldurshópa fái að njóta sín.
- Ég vil að áfram verði álögur á íbúa lágar miðað við önnur sveitarfélög án þess að það bitni á þjónustu og innviðum.
- Ég vil að rödd okkar heyrst þegar ákvarðanir eru teknar um að þrengja að akstursleiðum til og frá Seltjarnarnesi. Það er mikilvægt að okkar aðkoma að umræðu um borgalínu sé byggð á raunverulegum úrbótum fyrir strætó en ekki á draumsýn og skjáborgum.

Lárus Gunnarsson gefur kost á sér í 6. sæti listans



Fæðingardagur: 19. desember 1994

Maki: Í sambandi með Bergrós Lilju Jónsdóttur

Börn: Engin

Menntun: Stúdent frá Verslunarskóla Íslands (VÍ) árið 2014 og stunda nú nám í viðskiptafræði við Háskóla Íslands

Starfsferill: Eftir útskrift úr VÍ. starfaði ég hjá Símanum í 3 ár, lengst af sem sérfræðingur í einstaklingssölu og kom þar að þjálfun starfsmanna í framlínu, vörupróun o.fl. verkefnum.

Félagsstörf: Hef unnið ýmis störf fyrir Handknattleiksdeild Gróttu en aðallega sem þjálfari yngri flokka sl. 7 ár.

Helstu áherslur:

Forvarnarmál eru mér afar hugleikin. Byggt á minni reynslu af starfi í gegnum yngri flokkaþjálfun hjá Gróttu og á sumarnámskeiðum bæjarins get ég sagt að það er mjög mikilvægt að hlúa að þeim góða grunni sem lagður hefur verið að farsælu uppeldisstarfi í bæjarfélaginu. Fáí ég tækifæri til, hef ég hug á að beita mér sérstaklega að málum sem snerta uppeldi og uppfræðslu barna og ungmenna. Einkum og sér í lagi öflugum og nútímanlegu forvarnarstarfi til að geta tryggt öryggi og vellíðan barna á Seltjarnarnesi eins og best verður á kosið til framtíðar.

Magnús Örn Guðmundsson gefur kost á sér í 2. sæti listans



Fæðingardagur: 28. maí 1978

Maki: Elín Jónsdóttir, fjallaleiðsögumaður og viðskiptastjóri hjá Cintamani

Börn: Elín Eir 13 ára, Jón Agnar 3 ára og Jökull Örn 8 mánaða

Menntun: MBA frá Northeastern University í Boston 2008; próf í verðbréfi viðskiptum 2003; B.S. próf í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík 2001; stúdentspróf frá Verslunarskóla Íslands 1998

Starfsreynsla: Forstöðumaður hjá Stefni hf. (2017-), sjóðstjóri blandaðra sjóða hjá Stefni (2008-2017), Fidelity Institutional Asset Mgmt. (2007), Eignastýring Frjálsa lífeyrissjóðsins (2002-2006).

Félagsstörf: Bæjarfulltrúi (2015-); formaður Íþrótt- og tómstundanevndar (2014-2018), varaformaður skólanefndar (2014-2018), Íþrótt- og tómstundanevnd (2008-2010), umhverfisnefnd Seltjarnarness (2002-2006).

Helstu áherslur:

- Lægri skatta – lækkun fasteignaskatts og útsvars
- Einföld, gagnsæ og skilvirk stjórnsýsla – opið bókhald og rafrænar kosningar um stór mál
- Framúrskarandi skólar – bæta aðbúnað og kjör kennara, einkarekinn ung barnaleikskóla
- Íþrótt- og tómstundastarf í sérflokkum – góð aðstaða og fjölbreytni í tómstundastarfi
- Skynsemi í skipulagsmálum – hagsmunir Seltirninga í fyrirrúmi og virðing fyrir náttúrunni
- Áhersla á velferð eldri borgara – mæta þörfum sívaxandi hóps eldri borgara.

Ragnhildur Jónsdóttir gefur kost á sér í 3.–4. sæti listans



Fæðingardagur: 14. nóvember 1979.

Maki: Tryggvi Þorgeirsson, læknir og framkvæmdastjóri.

Börn: Anna María (7 ára), Eva Laufey (6 ára) og Ari Tómas (3 ára).

Menntun: Stúdentspróf frá MR (1999), BSc í hagfræði frá HÍ (2003), MSc í hagfræði frá HÍ (2005), pilateskennsluréttindi (2009), diplóma í heilsumarkþjálfun frá IIN (2012) og diplóma í jákvæðri sálfræði á meistarastigi frá Endurmenntun HÍ (2016). Stunda nú MSc nám í hagnýtri jákvæðri sálfræði við Bucks New University í Bretlandi (útskrift áætluð 2018).

Starfsferill: Rannsóknir og spágerð í Seðlabankanum; efnahagsgreining og eignastýring hjá Glitni; fræðistörf hjá Hagfræðistofnun HÍ; dæmatímakennsla í HR; störf við heilsuefingu og stjórnarstörf m.a. í heilbrigðistækni fyrirtækinu SidekickHealth og hjá Reykjavík letterpress. **Félagsstörf:** Í foreldraráði Leikskóla Seltjarnarness 2015-2017, formaður 2016-2017 og sat þá fundi skólanefndar Seltjarnarness sem fulltrúi foreldraráðs.

Helstu áherslur:

Að forgangsraða í þágu heilsu og aukinna lífsgæða bæjarbúa og að Seltjarnarnesbær verði gerður að heilsuefli samfélags. Í því felst að fundnar séu hagkvæmar leiðir í allri stefnumótun til að viðhalda og bæta heilsu og líðan íbúa og starfsmanna bæjarins. Á það jafnt við um stefnumótun í almennum skipulagsmálum, samgöngum og aðgengi að byggingum, aðbúnaði eldri borgara, félagslegri þjónustu, heilbrigðisþjónustu, forvörnum og öryggismálum, íþrótt- og æskulýðsstarfi og skólumálum. Þannig ætti bæjarfélagið að verða enn eftirsóknarverðara að búa og starfa í, hagkvæmara, sjálfbærara og skilvirkara. Setja þarf mælanleg markmið og virkja fólk til þátttöku svo góður árangur náist í bráð og lengd.

Sigríður Sigmarsdóttir gefur kost á sér í 3. sæti listans



Fæðingardagur: 11. febrúar 1978

Maki: Guðmundur Ingi Hjartarson

Börn: Óttar Orri 16 ára, Jenný 14 ára og Sigmar Orri 7 ára

Menntun: Sveinspróf í hársnyrtingu frá lönskólanum í Reykjavík og stúdentspróf frá Fjölbraut við Ármúla.

Starfsferill: Starfaði sem hársnyrtir frá 1996-2006, síðast á Permu á Eiðistorgi; flugfreyja (með hléum) hjá Iceland Express frá 2007 og til loka félagsins 2012; vörumerkjastjóri hárvöru hjá Halldóri Jónssyni 2008-2010; rekstrarstjóri Hópkaupa frá 2013-2016; verslunarstjóri Ellingsen 2016-2017 og nú sölustjóri og eigandi hjá Job.is.

Félagsstörf: Varaformaður íþrótt- og tómstundanevndar. Virk í foreldrastarfi Gróttu frá 2007, í skólaráði, í stjórn foreldrafélags grunnskóla Seltjarnarness og leikskólans. Setti á laggirnar bæjarhátíðina með góðum hópi vina, er varamaður í stjórn Sjálfstæðisfélagsins og tek virkan þátt í viðburðum hjá félaginu.

Helstu áherslur: Mínar aðaláherslur verða að viðhalda góðum rekstri en með breyttri forgangsroðun við styrkingu innviða samfélagsins.

Við þurfum að horfa til framtíðar varðandi fólksfjölgun og fjölgun eldri borgara. Það þarf að lækka fasteignaskattana enn frekar til að létta undir hjá öllum bæjarbúum. Það er jafnréttismál að leysa dagvistunarmál fyrir foreldra strax að loknu fæðingarorlofi. Ég vil klára þá vinnu sem nú þegar hefur verið unnin varðandi breytingar á leikskólumálum og vil sjá raunhæfa verkætlan á byggingu nýs leikskóla með lausn fyrir alla foreldra í dagvistunarmálum strax að loknu fæðingarorlofi, óháð því hvenær árs barn fæðist.

Bæta þarf úr húsnæðismálum fyrir félagstarf og dagvist eldri borgara, skapa aðstöðu sem við getum verið stolt af og styður við hið góða félagsstarf sem nú þegar er í boði.

Málefnum fatlaðra og fjölskyldna þeirra þarf að koma í betri farveg. Ég vil koma starfi tengiliðar í gagnið svo að fjölskyldur þurfi eingöngu að leita til eins aðila um réttindi og skyldur, félagsstarf og aðstöð.

Ég vil leggja meiri áherslu á endurvinnslu og flokkun úrgangs frá heimilum og gera bæjarbúum einfaldara um vik að flokka allt sitt sorp, öllum til hagsbóta.

Salur til leigu:

Salurinn að Austurströnd 3, 3. hæð, hentar vel sem funda- og fyrirlestrarsalur eða til margskonar fagnaðar s.s. fyrir afmælis-, skírnar- og starfsmannaveislur, brúðkaup, fermingar og hverskyns mannabót. Úr salnum er fallett útsýni.

Salurinn tekur 80 manns í sæti og er án veitingaþjónustu.

Nánari upplýsingar veitir Hafdis Guðmundsdóttir í síma 662 8289 eða í gegnum netfangið salurinn@outlook.com